



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	6. fundur stjórnar KLÍ 2018-2019
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	17. janúar 2018 kl. 18:30
Pátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Stefán Claessen (SC) Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdastjóri
Boðuð forföll:	Ingi Geir Sveinsson (IGS) Ritari Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Varamaður Björgvin Valdimarsson (BV) Meðstjórnandi
Fjarverandi:	Björn Kristinsson (BK) Varamaður
Fundarritari:	JÁJ

Dagskrá fundar

Síðasta fundargerð	1
Málefni Aganefndar.....	1
Keilarar ársins 2018.....	Error! Bookmark not defined.
Verkefnalisti stjórnar.....	Error! Bookmark not defined.
Önnur mál.....	2

Síðasta fundargerð

Samþykkt, laga stafsetningavillur.

Málefni Aganefndar

ÍA W gegn KFR Þróstum. Afgreitt skv. reglum og fyrri málum. Dæmist 14-0 fyrir KFR Þresti.

Nýr vefur

SC ætlar að keyra á málið á næstu dögum/vikum. Smá tuning eftir, layout og það þarf bara að klára.

NYC 2019

Undirbúningshópur. JÁJ sendir á Avis með 2x14 bíla, Einar Hafsteinn m/rútu frá velli og á völl. SUV athugar með Teit. Staðfesta hótél Rvk. Lights. ÞMP heyrir í Kim Anderson upp á skor system og athugar með verðlaun frá Finnum. Byrjum á að setja þetta upp, sendum á hin samböndin til samþykktar.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Þing 2019

Senda á Stefán Inga formann KFR að það sé komið að þeim. Spurning um 11. maí? Annars 18. Málefni m.a. fyrir þing eru: Dómaramál og Aga/Mótanefndarmál, stefnumörkun og almennt laga reglugerðir fyrir þing.

Formannafundur

Finna út úr því fljótlega með tímasetningu. Ræða við formenn um þessi málefni. Málefni þings sem þarf að ræða sem og annað sem gæti þurft að koma þar að.

ETBF þing

Á dagskrá í München í júní 2019. Samhliða Evrópumóti. Við sjáum um Norðurlandafund. Formaður pantar fundarherbergi á hótelinu fyrir fund. Júní. Kalla eftir dagskrá, skoða reglugerðarbreytingar ef einhverjar eru. Dinner og allar græjur með.

Önnur mál

ETBF mót 2022 umsókn frá sambandinu sem þarf að svara fyrir 29. mars 2019. Tala við KHE upp á hvernig þetta sé gagnvart þeim. Annaðhvort ECC eða EYC. Halda þetta mót mögulega í tengslum við 30 ára afmæli KLÍ 2022.

Hátíðarfáni – Póstur frá PMP með tilboð sem hann fékk. Samþykkt. PMP klárar málið.

Öldungamál – Beiðni frá íþróttastjóra og landsliðsnefnd að við endurskoðum ákvörðun okkar, samþykkt að þarf að fara í fjárhagsáætlun næsta tímabils.

Hækkun á launum íþróttastjóra 30% starf í dag, ÍSÍ er með kröfu á 50% til að halda sér í B flokki sérsambanda. Almennt samþykkt að halda sér þarna inni sem B samband. Þarf að endurskoða m.t.t. launa, starfsframlags o.sv.fr.

KR – KR skuldar KLÍ en illa gengur að innheimta. SUV. Nú er svo komið að sá peningur sem kemur í gegn um ÍTR hefur farið í skuldir. Það þarf að senda póst á formann og gjaldkera KR og skora á greiðslur að öðrum kosti eru leikbönn yfirvofandi.

SUV – Langt komin í að klára bókhaldið fyrir árið. Nefnir að Sport TV skuldar 184 þús. fyrir vsk. sem margbúið er að reyna að fá þetta greitt en ekki komið. Samþykkt að fella niður kröfu.

HH – Nýju reglurnar USBC varðandi borun, Finnar leifa báðar reglur. Talaði við finnska sambandið. leifir ekki aukagat en meiri þyngd í staðin. Þarf að fylla í kúlur með hliðargötum. Lagt til að við samþykkjum báðar reglur þar til hin er orðin algild 1.8.2022. HH semur frétt sem fer á vefinn.

SC – Mæligræju fyrir olíuburð. SUV það var til svona vél sem týndist er dýr græja. HH spyr af hverju, hvað á að mæla þ.e. hverju við erum bættari með málið. SC, ekki forgang en er að leggja áherslu á hafa eitthvað til að skoða hvort olíuburður sé í lagi. HH leggur til að mæla annað s.s. lengd o.þ.h. SUV leggur til að í fjárhagsáætlun sé eyrnamerkur peningur í svona tækjamál.

Fundi slitið 20:00